

KÓRLESTUR

(choral reading)

Aldurshópur

Yngsta, mið- og unglingastig.

Um aðferðina

Flestir kennarar hafa á einhverjum tímapunkti kórlesið með nemendum sínum en við kórlestur lesa allir nemendur og kennari texta upphátt saman. Aðferðin veitir skemmra komnum lesurum góðan stuðning við lestur á þungum texta en við kórlestur lesa öll börn allan textann í stað þess að lesa e.t.v. aðeins eina línu eins og í skiptilestri. Kórlestur getur tekið á sig margar myndir og ræðst val á kórlestrartegund af markmiði kennara hverju sinni.

Markmið aðferðar

- Að auka lestraröryggi hæglæsa nemenda sem þurfa á meiri lesfimiþjálfun að halda.
- Að stuðla að betra lestrarlagi allra nemenda.
- Að undirbúa nemendur undir verkefni þar sem allir vinna með sama textann.

Gögn

Hægt er að kórlesa hvaða texta sem er, ýmist af blaði eða með því að nota skjávarpa og tjald en kennari þarf að hafa í huga hvaða kórlestraraðferð fellur best að texta sem verður fyrir valinu.

Aðferðir og framkvæmd

Kórlestur – grunnaðferð: Kennari og nemendahópurinn lesa texta upphátt saman í kór. Kennari stýrir leshraða og er góð fyrirmynd hvað lestrarlag varðar. Hægt er að kórlesa textann aftur og eins er hægt að láta nemendur þjálfast lestur með félagi eftir kórlestur.

Ein lína á barn eða lítinn hópur: Barn eða lítill hópur les eina línu, allur hópurinn þá næstu og þannig er skipst á að lesa allan textann. Hægt er að leika sér með þetta út frá texta sem valinn er hverju sinni en það getur verið gaman að lesa ljóð í hefðbundnu formi með þessum hætti.

Kórlestur – viðlag: Nemandi, eða lítill hópur nemenda, les erindi söngtexta eða kvæðis en bekkur sameinast við lestur í viðlagi.

Kórlestur – samtal: Þessi aðferð getur hentað við samlestur á leikriti. Bekknum skipt upp í hópa og hver hópur kórles hlutverk einnar sögupersónu.

Kórlestur – kall og svar: Kennari eða nemandi les eina eða tvær línur og bekkurinn endurtekur eða les næstu línur.

Kórlestur – bergmál: Kennarinn les línu og bekkurinn endurtekur. Hægt er að leika sér dálítið með bergmálið og hafa það sterkt eða veikt og svo er líka hægt að láta það hljóma oftast en einu sinni!

Kórlestur – safnað í sarpinn: Einn nemandi byrjar lesturinn og síðan bætast fleiri við, einn í einu þar til allir eru farnir að lesa. Hægt er að snúa ferlinu við til að tryggja að allir fái jafnmikla þjálfun. Þá byrjar sá nemandi sem rak lestina í fyrri umferð.

Óundirbúinn kórlestur: Hver nemandi velur sér línu eða brot úr ljóði sem hann ætlar að lesa án þess að láta hina vita. Stundum les einn nemandi línu, stundum lesa fleiri saman og á einhverjum tímapunkti e.t.v. allir. Kennarinn er til taks og les þær línur sem enginn valdi. Lesturinn getur hljómað skemmtilega ef vel tekst til en góð innlögn er nauðsynleg svo framkvæmdin verði góð.

Kórsöngur: Kórsöngur er frábær leið til að kynna fyrir ungum nemendum ritmálið en þegar þeir hafa lagt söngtexta á minnið er hægt að æfa lestur á texta án söngs. Hægt er að skipta textanum upp í línur, hendingar og orð. Orðin er svo hægt að brjóta upp í atkvæði og/eða hljóð til að þjálfra umskráningarfærni.